

göngum, þá lítið á mig. Munið þið eptir sögunni, sem hann Thornton kapteinn sagði hjerna um kveldið af honum Fortescue ofursta, »hinum fræga hólmgönguberserk«, er hann nefndi svo, og lagði að velli hann Sir Henry Martingale?»

»Jú«, anzaði Charlie Thornton.

»Jeg hjet einu sinni Fortescue ofursti«, mælti maðurinn spakláti.

Og lýkur svo þessari sögu.

Flótti Krapotkins fursta.

Krapotkin heitir einn hinn frægasti foringi nihilistanna rússnesku, þessara alræmdu óaldarmanna, er unnið hafa ótal hryðjuverk í því skyni að kollvarpa lögbundinni þjóðfjelagsskipun í sínu landi og öðrum Norðurlálfuríkjum. Krapotkin er maður ættstór og göfugur, af mik-

ils háttar höfðingjakyni rússnesku. Hann fyllti snemma flokk óaldarmanna og gerðist brátt höfðingi í liði þeirra, fyrir vitsmuna sakir, atorku og snarræðis. Hann hlífðist hvergi við og ljét sjer fátt fyrir brjósti brenna. Er það mál manna, að hann hafi lagt ráð á um ýms hryðjuverk þau, er óaldarmenn unnu og allri þjóð stóð ógn af, eður og átt sjáltur þátt í framkvæmd þeirra.

Hann hefir nú farið landflótta langa æfi og hafzt við í Lundúnum hin síðari árin, þar til í vor, að hann hætti sjer heim til ættjarðar sinnar í dulargerfi, en var höndlaður þar, að mælt er, og biður dóms.

Er það í annað sinn, er lögreglan rússneska hefir hönd í hári hans. Hjer segir frá því, með hvaða atburðum hann forðaði sjer úr klóm hinnar rússnesku rjettvísí í fyrra skiptið.

Hann komst lengi vel undan eptirgrennslan leynilögreglunnar; en loks lenti hann í veiðigildru, er mjög kænlegu hafði verið lögð fyrir hann, og tókst von bráðara að safna svo órækum gögnum í gegn honum, að dómur og líflát var óhjásnéðanlegt.

En vinir hans og bandamenn voru eigi af baki dottnir. Svo var þeirra frábærlega fjelagsskap að þakka og hinum miklu kynnum, er þeir höfðu við ýmsa meiri háttar menn og mikils ráðandi, þá sem löngum síð-

an, að þeim tókst að ná saman við Krapotkin og leggja á ráðin um mjög djarflega flóttatilraun.

Ráðagerð sú var sett saman mjög svo vandlega og ýtarlega.

Með því að engin tók voru að geta strokið burt úr dýflissunni sjálfri, þurfti að fá hann fyrst fluttan úr fangakompu hans og á bandingjasjúkrahúsið. Það var fremur hægt að framkvæma þann hinn fyrsta þátt hinnar fyrirhuguðu ráðagerðar. Galdurinn var sá, að Krapotkin fursti kynni að gera sjer upp einhverja þá veiki, að það mætti til að láta hann leggjast á spítala. Vinir hans laumuðu ýmsum lyfjum inn í klefann til hans. Eitt var dupt, er valdið gat megnum hjartslætti; annað dupt, er olli kuldahroll. Þetta var fólgið í brauði, ásamt fyrirsögn um notkun þess; og með því að þeir fjelagar áttu sjer bandamenn meðal matsveinanna í fangelsiseldhúsinu, komst þetta brátt í hendur Krapotkin, og leið þá eigi á löngu áður hann tæki allur til að nötra og skjálfa. Læknir var sóttur; hann gat eigi sagt, hvaða veiki að bandingjanum gengi, en þótti hún mikið iskyggileg og skipaði að færa hann undir eins yfir í sjúkrahúsið.

Eptir nokkra daga tók honum að batna til muna, og sögðu þá læknarnir svo fyrir, að leyfa skyldi honum að ganga sjer til hressingar í spítalagarðinum; honum mundi verða gott af vorloptinu. En Krapotkin ljezt enn vera

óskiljanlega máttfarinn og gæti hann varla á fótunum staðið. Var honum þá auðvitað leyft að vera kyrrum inni í sjúkrahöfðinu.

Krapotkin vissi, hvað hann gerði, er hann ljezt vera svo lasburða enn. Hann þurfti sem sje að biða eptir aðkomandi vísbending um, að allt væri tilbúið, er gera skyldi til þess að greiða fyrir flóttu hans.

Fjelagar hans höfðu leigt sjer bústað uppi á 5. lopti í húsi einu, er vissi þannig við, að þaðan mátti sjá úr gluggunum bæði um allan spítalagardinn og um stræti það, er garðshliðið vissi út að. Þeir höfðu enn fremur komið á snodir um, að spítalinn átti að fá m dögum liðnum von á hinum miklu eldiviðarbirgðum, er hann fekk á hverju ári, og höfðu ætlað á, svo sem mátti, að af vanalegu hirðuleysi mundi gleymast að loka hliðinu eptir hvern vagn, er ekið væri inn um það á fárra minutna fresti með alfermi af eldivið, er fleygja átti síðan niður í hinn geysistöra eldiviðarkjallara.

Það hlaut að hafa verið mjög gefið fyrir söng og hljóðfæraslátt, þetta fólk, er flutzt hafði inn í áminnzt hús upp á 5. lopt. Það var allt af verið að leika þar á fiðlu, seint og semma, tímunum saman, kveld og morgna.

Nú vitnaðist það, að viðarflutningurinn átti fram að fara miðvikudag, fimmtudag og föstudag í næstu viku, og þegar Krapotkin braut brauðið sitt á sunnudagsmorg-

uninn, fann hann þar innan í dálitinn sedil, er á var ritað með mjög smáu lettri þessi orð:

»Allt tilbúið miðvikudag, fimmtudag og föstudag. Loptið gott í spítalagarðinum. Hliðið opið. Tuttugu fót-mál til hægri og vinstri hraðgengir vagnar með nauðsynlegum dularklæðum. Hlustið á hljóðfærasláttinn. Þegar hljómurinn er snarpur, er hættu á ferðum, en öllu óhætt, þegar hann er hægur«.

Krapotkin skildi skeyti þetta mjög vel. Hann segir á mánudaginn við lækinn, að nú haldi hann að hann sje orðinn svo hress, að hann geti gengið ofurlítið úti undir berum himni. Daginn eftir var honum fylgt niður í garðinn og hermaður með brugðnu sverði látinn gæta hans þar. Hann var látinn vera í hinum gráa spítalakuffi, svo ermalöngum, að þær náðu lagt fram fyrir hendur.

Krapotkin skreiddist áfram ofurhægt og nam staðar í öðru hvoru spori til að jafna sig. Og að 5 mínútum liðnum bað hann um að mega fara upp aptur. Hann hafði haft tíma til að átta sig og hugsa sjer, hvernig hann ætti að fara að, og hann hafði heyrt hið mismunandi hljóð í síðlunni.

Hann notaði hverja stund það sem eftir var dags, er eigi var haft auga á honum, til þess að venja sig við að fleygja sjer úr spítalabúningnum í einum rykk, og varð hann mjög fimur í því.

Daginn eptir var farið aptur niður í garðinn með hann, og reikaði hann þar fram og aptur með veikum burðum. Hliðið stóð opið upp á gátt. Í hinum enda garðsins var margt fólk í óðaðnn að tæma eldiviðarvagnana, og kastaði maður sá, er gæta skyldi Krapotkins, orðum á það, er það gekk um. —

Í húsinu á móti á 5. lopti lá ungur maður úti í glugganum og gægðist ofan á strætið á tvær hendur, en gaf jafnframt auga bandingjanum, sem staulaðist áfram með veikum burðum, og stýrði um leið fíðlusöngnum inni í herberginu með leynilegum bendingum; fyrst var leikið nokkrar mínútur snarpt og hvelt, síðan mjög lágt og hægt.

Þá var stundin komin.

Krapotkin var svo sem tuttugu fót mál fyrir innan hliðið á garðinum, sem var opið. Hann snaraði af sjer í einum rykk og skjótur sem elding hinum tafsama spítalabúningi, henti sig í 5 stökkum út í gegnum hliðið og að vagni, er beið þar dálitinn spöl til hægri handar. Maðurinn, er gæta skyldi bandingjans, stóð sem steini lostinn, og var Krapotkin kominn upp í vagninn áður en hann kæmi fyrir sig vitinu til að æpa. Vagninn þaut af stað eins og örskot og sat Krapotkin þar með liðsforingjakápu yfir sjer og bordalagða húfu á höfði.

Einhverjir vinir hans hjeldu hann á laun þar í

Pjetursborg meira en mánuð. Þá tókst honum að komast af landi burtu með fölsuðu vegabrjefi.

Sama daginn sem hann strauk úr varðhaldinu, hvart sönglistarfólkið úr húsinu á móti fangelsisspítalanum, og vissi enginn, hvað af því varð.

Það var ung stúlka, er verið hafði svo þrautseig að leika á fiðluna. Hún er nú gípt hátt settum embættismanni í Pjetursborg.

Stofuofninn.

Eptir Jan Destrem.

Maður er nefndur Passerand. Hann átti heima í París og hafðist þar við í litlum klefa lengst upp undir þaki á mikils háttar stórhýsi einu þar, er margt manna átti sjer vistarveru. Hann var ungur að aldri, maður þýður og hógvær og ljét lítið yfir sjer. Hann hlýðnaðist fúslega síðareglum dyravarðarins við margbýlisstofnun þessa, en þar var honum bannað að halda hund, fiðlu, saumavjel og unnustu, eða hvað annað, er heimamenn